

# STEINGRÍMUR EYFJÖRD — LÓAN ER KOMIN LA BIENNALE DI VENEZIA LISTASAFN REYKJAVÍKUR HAFNARHÚS 2008



① sculpture  
er komin  
The Golden Plover  
get Ross to help —

② MAKE 2 books  
with all sects  
from Morqu  
from 1912-2  
the arrival  
Golden Plover

③ 1001 CAT  
pictures  
the stre  
Reykjav

ON  
DRAWINGS

40 text drawings  
framed- 25 2  
side main work  
with ideas and  
comments

10. janúar - 2. mars

Steingrímur Eyfjörð (f. 1954) hefur í verkum sínum tekist á við fjölbreytt viðfangsefni úr menningu samtímans og íslenski þjóðmenningu. Hann hefur beint sjónunum að samhengi fortíðar og nútíðar, kafað í menningararfleidd Íslendinga og sýn samtímans á hana með margræðum og oft gagnrýnum vísunum. Steingrímur vinnur þrívíð verk og ljósmyndir en einnig hafa teikningar og texti verið fyrirferðarmikil í list hans. Notkun hans á texta vísar til myndrænnar textanotkunar Flúxuslistamanna en einnig hefur hann notað beinar tilvitnanir í bókmenntaarfinn. Fjöldi verka hans byggir á samstarfi við aðra listamenn og fjölbreyttan hóp einstaklinga með sérhæfða þekkingu og áhugasvið.

Steingrímur hefur verið þátttakandi í íslensku listalífi frá því um miðjan áttunda áratuginn. Hann nam myndlist við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1971 – 1975 og árið 1978. Eftir námsdvöl í Edinborg og síðan Helsinki hélt hann til Hollands þar sem hann stundaði framhaldsnám 1980 – 1983 við Jan van Eyck listaháskólann í Maastricht. Steingrímur á að baki meira en fjóra tugi einka-sýninga og hefur tekið þátt í fjölda samsýninga á Íslandi sem og alþjóðlega. Árið 2006 var haldin víðamikil yfirlitssýning á verkum hans á Listasafni Íslands og árið 2007 var hann fulltrúi Íslands á Fenejvatværingnum á Ítalíu, sem er einn mesti listviðburður heims. Sýningin sem nú stendur í Listasafni Reykjavíkur - Hafnarhúsi var fyrst sett upp í Fenejum þar sem hún stóð yfir frá júní til nóvember 2007.

#### LOAN

Lóan er komin að kveða burt snjóinn,  
að kveða burt leiðindi; það getur hún.  
Hún hefur sagt mér að senn komi spóinn,  
sólskin í dæli og blómstur í tún.  
Hún hefur sagt mér til syndanna minna,  
ég sofi af mikið og vinni ekki hót.  
Hún hefur sagt mér að vaka og vinna  
vonglaður taka nú sumrinu mót.

Páll Ólafsson

Í hugum Íslendinga hefur yfirskrift sýningarinnar, Lóan er komin, sterkar vísanir til þessa þekkta íslenska skáldskapar sem umlukinn er þeirri bjartsýni sem fylgir vorboðanum ljúfa. Verkin á sýningunni eru byggð á viðtölum við um tuttugu einstaklinga um menn og málefni sem varða

íslenska menningu þar á meðal trú á álfa og huldufólk, skák og skáldskap. Viðtölin eru hráefni eða uppspretta sem Steingrímur notar í teikningar, ljósmyndir og þrívíð verk. Verkið Hugmyndaspjöld sýnir myndir af viðmælendum hans ásamt eins konar kortlagningu á samtölunum og hugmyndunum sem þau kveikja.

Íslensk þjóðtrú er veigamikil umfjöllunarefni og vann Steingrímur verkið Gerðið eftir leiðbeiningum huldumanns, sem hann komst í samband við með aðstoð miðils. Í gegnum miðilinn fékk hann veturgamla huldukind í skiptum fyrir brýni. Hann smíðaði gerði og flutningskórfa fyrir kindina samkvæmt leiðbeiningum huldumannsins og eru huldukindin og gerðið á sýningunni. Kindin er í annari vidd og því ekki margir sem sjá hana „aðeins sá sem hefur opinn huga og hreint hjarta fær leyfi til að sjá spor kindarinnar.“ \*

Á sýningunni eru verk sem tengja menningararfinn og samtímann. Þegar Steingrímur vann verkið Camera Obscura tók hann myndir á Þingvöllum með camera obscura sem hann útbjó úr morgunkornspökkum. Þannig mæst á verkinu helgur staður í sögu Íslendinga, neyðslusamfélag eftirstriðisáranna og alþjóðavæðing samtímans. Nútíð og fortíð mæst einnig í Bein í skriðu þar sem vegaskilti vara við jarðraski sem gæti verið eftir tröll eða aðrar vættir í landinu. Hér visar Steingrímur ekki eingöngu til trölla sem fyrirbæra í íslenski náttúru heldur einnig til listamanna eins og Ásgríms Jónssonar sem málaði tröll og gaf þeim útlit og einkenni sem gætu verið í hættu á 21. öldinni þegar hin svokallaða Disneyvæðing rænir menningarheima af verum sínum og vættum og skilur eftir einsleita mynd í þjóðasálum.

Verkin á sýningunni eru alls fjórtán og er henni fylgt úr hlaði með veglegrí sýningarskrá þar sem finna má meðal annars viðtölin sem Steingrímur tók við undirbúning sýningarinnar og texta eftir Hönnu Styrmsdóttur sýningarstjóra. Umsjónaraðili sýningarinnar í Fenejum var CIA–kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar.

\* Haft eftir huldumanninum sem útvegaði Steingrím kindina.

The works of Steingrímur Eyfjörð (b. 1954) take on diverse topics in contemporary culture and Icelandic folk culture. Delving into the confluence between past and present, Eyfjörð probes Icelanders' cultural heritage, and their contemporary view of it, with multifaceted and often critical evocations. Three-dimensional works and photographs are prominent in his art, along with drawings and text. His use of text alludes to the visual textual uses of the artists of the Flúxus group, but he also refers directly to the literary canon. Many of his works build on collaborations with other artists and with a motley group of individuals with specialized knowledge and fields of interest.

Steingrímur has been part of the Icelandic art scene since the mid-seventies. He studied visual arts at the Icelandic College of Arts and Crafts from 1971 to 1975 and in 1978. After studies in Edinburgh and Helsinki he made his way to Holland, where he pursued graduate studies from 1980 to 1983 at the Jan van Eyck Academie in Maastricht. Steingrímur has more than forty solo exhibitions under his belt and has participated in many group exhibitions in Iceland and abroad. In 2006 the National Gallery of Iceland assembled a comprehensive retrospective of Eyfjörð's work, and in 2007 Eyfjörð represented Iceland at the world-renowned Venice Biennale. The present exhibition at the Reykjavík Art Museum's Hafnarhúsi was first mounted for the Biennale, where it was on display from June to November 2007.

#### THE GOLDEN PLOVER

The plover has come to sing away the snow,  
to sing away sadness; it's in her power.  
She has told me the curlew is coming soon,  
and sunshine in valleys and fields in flower.  
She has taken me to task for my failings,  
for slacking off and sleeping too soundly.  
She has told me to stay awake and labor  
and, in good hope, welcome summer roundly.

Páll Ólafsson

In the minds of Icelanders, the title of this exhibition, *The Golden Plover Has Arrived*, strongly evokes the well-known Icelandic verse above, bathed in the optimistic glow which the golden plover brings as a harbinger of spring. The works exhibited here are based on interviews with twenty individuals about

persons and topics of note in Icelandic culture, such as chess, poetry, and belief in elves and hidden people. Eyfjörð uses these interviews as raw material or a source for drawings, photographs, and three-dimensional works. The work *Idea Boards* displays pictures of his respondents along with a kind of mapping of the interviews and the ideas sparked by them.

Icelandic folk belief being a weighty matter, Steingrímur Eyfjörð executed *The Sheep Pen* under the guidance of a hidden man, whom he contacted with the assistance of a medium. Through the medium, Eyfjörð procured a hidden yearling sheep in exchange for a whetstone. He built an enclosure and a travelling basket for the sheep, following the hidden man's specifications; the sheep and its enclosure are on exhibit here. Since the sheep is in another dimension, not many will see it: "none but the open-minded and pure of heart will be allowed to see even the tracks of this sheep." \*\*

The works exhibited here connect cultural heritage to contemporary times. For *Camera Obscura*, Eyfjörð photographed Thingvellir with a camera obscura made from cereal boxes, creating a conjunction of sacred place, post-War consumer society, and the global economy. Present and past also meet in *Bone* in a *Landslide*: road signs warn of unstable conditions in the landscape which may be due to trolls or other occult presences. In this case Steingrímur Eyfjörð is not referring only to trolls as a phenomenon of the Icelandic natural world but also to the work of artists such as painter Ásgrímur Jónsson, who depicted trolls of an appearance and character likely to become endangered in the twenty-first century, as the so-called Disneyconomy robs cultural worlds of their beings and presences, leaving behind a monotonous image in the national soul.

The exhibition comprises fourteen artworks and is accompanied by a catalogue which includes the interviews that Steingrímur Eyfjörð conducted in preparation for the exhibition and commentary by curator Hanna Styrmissdóttir. The Venice Biennale exhibition was organized by CIA, the Center for Icelandic Art.

\*\* A direct quote from the hidden man who provided the sheep to Eyfjörð.

Fimmtudag 31. janúar, kl. 20  
Steingrímur Eyfjörð og Hanna Styrmsdóttir  
sýningarstjóri sýningarinnar fjalla um verk  
Steingríms og þátttökuna í Feneýjatvíæringnum.

Sunnudag 3. febrúar, kl. 14  
Fyrir börn  
Spáð í verk Steingríms Eyfjörð — opin listsmiðja  
og leiðsögn fyrir alla fjölskylduna.

Sunnudag 3. febrúar, kl. 15  
Sýningarstjóraspjall  
Hanna Styrmsdóttir sýningarstjóri annast leiðsögn  
um sýninguna.

Leiðsögn í Hafnarhúsi alla sunnudaga kl. 15.

Hafnarhús er opið til kl. 22 alla fimmtudaga.

Kynnið ykkur áhugaverða dagskrá á [listasafnreykjavikur.is](http://listasafnreykjavikur.is)

Opið daglega 10–17, fimmtudaga til kl. 22/  
Open daily 10 a.m. – 5 p.m. Thursdays to 10 p.m.

Listasafn Reykjavíkur/  
Reykjavík Art Museum  
Hafnarhús  
Tryggvagata 17  
101 Reykjavík  
[www.listasafnreykjavikur.is](http://www.listasafnreykjavikur.is)  
[listasafn@reykjavik.is](mailto:listasafn@reykjavik.is)  
Sími/Tel. (+354) 590 1200

Aðgangur  
ókeypis

Free  
admission

Listasafn Reykjavíkur  
Reykjavík Art Museum



Thursday 31 January 8 p.m.  
Steingrímur Eyfjörð and the curator Hanna  
Styrmsdóttir, will discuss the artist's work and his  
participation in the Venice Biennale.

Sunday 3 February 2 p.m.  
For children  
Exploring Steingrímur Eyfjörð's work — an open  
art workshop and guided tour for the whole family.

Sunday 3 February 3 p.m.  
Curator's Talk  
Hanna Styrmsdóttir, curator, leads a tour of the  
exhibition.

Hafnarhús is open Thursdays until 22:00.

Explore our exciting programs at [listasafnreykjavikur.is](http://listasafnreykjavikur.is)

Bakhjarlar/  
Sponsors

Menntamálaráðuneytið  
Baugur Group



Landsvirkjun  
Glitnir  
Landsbankinn  
Reykjavíkurborg  
Útanríkisráðuneytið  
Straumur Burðarás  
Tryggingamiðstöðin  
Icelandair  
Islandtours  
Vodafone Þýskalandi

Þingskiptið



CIA.IS  
CENTER FOR ICELANDIC ART

